

Efnahags- og viðskiptanefnd,

ég fagna því að lög um neytendalán séu gerð skýrari. Enn lengra mætti ganga í skýrleika með því að taka sem dæmi að ef ákvæði um verðtryggingu er ólöglegt, þá gildi ekki vaxta- og verðbótaákvæði samningsins, en neytandi geti þó farið fram á að samningurinn gildi að öðru leyti, með almennum vöxtum, í stað þess að lánsamningurinn falli úr gildi með tilheyrandi uppgreiðsluskyldu neytanda.

Hins vegar er brýnt að réttaröryggi samkeppnisaðila bankanna á sviði neyslulána sé bætt. Undanþágu frá hámarki á árlegri hlutfallstölu kostnaðar vantar þegar heildarkostnaður láns, að meðtöldum vöxtum, er undir 1 000 kr. yfir allan lánstímann. Skýr lagaheimild fyrir hóflegu lántökugjaldi óháð lánsfjárhæð og lánstíma væri til þess fallin að efla samkeppni og nýliðun meðal innlendra láanafyrtækja.

Kveðja,
Bjartur Thorlacius,
reikniverkfræðingur



17. október 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 67. mál á 153. löggjafarþingi

Neytendalán o.fl. (ógildir skilmálar í neytendasamningum)

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að í löggjöf á sviði neytendaréttar komi skýrt fram að brot gegn réttindum neytenda sem hún endurspeglar verði alltaf bótaskyld og samningar og samningsskilmálar sem brjóti gegn viðkomandi lögum séu ógildir. Hagsmunasamtök heimilanna eru heilshugar fylgjandi þessu og telja brýnt að skjóta styrkum stoðum undir þessi réttindi neytenda.

Eins og Neytendastofa hefur bent á er að mestu leyti um að ræða gildandi rétt, en samtökin geta ekki fallist á að þar með sé frumvarpið óþarft. Þvert á móti hefur reynslan sýnt að full þörf sé á því að árétta þann rétt með skýrum hætti í viðkomandi lögum. Sem dæmi má nefna að í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands árið 2010 voru tugþúsundir lána endurreiknuð en í engum tilfellum voru virtar kröfur neytenda um að samningurinn skyldi gilda að öðru leyti óbreyttur án hins ólögmeta skilmála, heldur lögðust dómstólar og löggjafinn á eitt um að breyta vaxtaskilmálum þeirra í mun óhagstæðari vaxtakjör en þau sem viðkomandi neytendur höfðu samið um. Með því var sá réttur neytenda hafður að engu þrátt fyrir að hann kæmi skýrt fram í 3. mgr. 36. gr. c. samningalaga nr. 7/1936.

Skýrt dæmi um samskonar tilhneigingu birtist í dómi Landsréttar frá 8. apríl 2022 í máli nr. 617/2021 um uppgreiðslugjöld, þar sem ÍL-sjóður var sýknaður af kröfum neytenda þrátt fyrir að ljóst væri að viðkomandi skilmálar hefðu brotið í bága við lög um neytendalán. Byggðist sú niðurstaða einkum á þeirri forsendu að í viðkomandi ákvæði laganna væri ekki tekið fram hvaða afleiðingar brot gegn því ættu að hafa. Jafnframt var því hafnað að neytendur gætu borið fyrir sig rétti sínum samkvæmt 36. gr. a-c í samningalögum vegna slíks brots gegn lögum um neytendalán, þó brotið væri augljóst.

Reyndar er það svo að í hundruðum eða jafnvel þúsundum dómsmála um neytendalán síðasta rúman áratug frá bankahruninu, hafa dómstólar aldrei tekið mark á meintum “gildandi rétti” neytenda! Til að koma í veg fyrir að sú framkvæmd festist frekari í sessi verður löggjafinn að skýra þann rétt betur svo ekki fari á milli mála hverjar séu afleiðingar brota gegn réttindum neytenda. **Hagsmunasamtök heimilanna mælast því eindregið til þess að ofangreint frumvarp verði samþykkt.**

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is